

Erindisbréf fyrir öldungaráð Suðurnesjabæjar

1. gr.

Öldungaráð Suðurnesjabæjar starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og 44. gr. samþykktar um stjórn Suðurnesjabæjar. Á grundvelli samnings milli Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga um félagsþjónustu, dags. 20.ágúst 2020 er öldungaráð samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála.

1. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar í öldungaráði, kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilbrigðisstofnun. Bæjarstjórn kýs formann öldungaráðs en ráðið kýs varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Með tilvísun í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, er samkomulag um að bæjarstjórn Suðurnesjabæjar kjósi tvo fulltrúa og tvo til vara og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga kjósi einn fulltrúa og einn til vara í sameiginlegt öldungaráð sveitarfélaganna. Kjörtímabil er hið sama og bæjarstjórnar.

Starfsmaður félagsþjónustu er tengill sveitarfélaganna við öldungaráð. Hann starfar með ráðinu, ritar fundargerðir og er því til aðstoðar. Fundargerðir skulu lagðar fram til kynningar í bæjarráði.

3.gr.

Að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum og kosningu í öldungaráð er boðað til fyrsta fundar ráðsins. Öldungaráð skal halda fund eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári. Formaður boðar til funda í samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs og/eða deildarstjóra félagsþjónustu. Geti aðalfulltrúi í ráðinu ekki mætt til boðaðs fundar skal hann tilkynna um forföll til starfsmanns ráðsins eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður í sinn stað.

4.gr.

Hlutverk ráðsins er m.a.:



- að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra íbúa.
- að gera tillögur til bæjarstjórna um öldrunarþjónustu.
- að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.

Öldungaráð er bæjarstjórnnum til ráðgjafar um málefni eldri borgara. Öldungaráð getur komið ábendingum til bæjarstjórna um allt það er betur kann að fara er varðar málefni eldri borgara. Bæjarstjórn skal kynna öldungaráði með góðum fyrirvara hugmyndir og tillögur sem varða aldraða íbúa sveitarfélagsins, t.d. breytingu á gjaldskrár vegna þjónustu við aldraða.

5. gr.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 44. gr. samþykktu um stjórn Suðurnesjabæjar nr. 954/2018, dags. 16. október 2018

Samþykkt á 32. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 3. febrúar 2021.

